

Stjórnarfundur nr. 15, þann 14. desember 2010 kl. 19:15 Haldinn í K-húsinu

Mættir: Elsie, Herdís, Sigurþór, Hjördís, Falur, Guðmundur, Ásta, Júlíus, Lúðvík, Friðrik, Svala og Helga. Sigurbjörg og Harpa boðuðu forföll.

1. Farið yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt

2. Kostnaðarskiptin SK og SN

Í lok árs, þegar raungjöld Sundráðs ÍRB liggja fyrir, þá fer fram uppgjör. Þar er nettógjöldum Sundráðs fyrir árið skipt á milli SN og SK í réttu hlutfalli við áætlaðar heildartekjur byggðar á æfingagjöldum, þjálfarastyrk og viðbótarálagi sem skiptast jafnt á milli deildanna. Þar verður tekið tillit til allra greiðslna sem SK og SN hafa þegar greitt til sundráðs, þ.m.t. mánaðargreiðslna og annarra greiðslna af hvaða tagi sem er. Þá mun koma í ljós að SK og SN hafa annað hvort greitt of mikið eða of lítið, þar sem mánaðargreiðslurnar að ofan byggja á áætluðum kostnaði. Munurinn verður bókfærður sem skuld eða inneign hjá Sundráði ÍRB, þannig að bæurnar stemmi og hvor deild hafi sannarlega borið kostnað í því hlutfalli sem hér um ræðir og Sundráð ÍRB skilar rekstri í námunda við núllið. Þess má geta að Sundráð ÍRB þarf að jafnan að hafa einhvern sjóð til að geta staðið skil af launagreiðslum og öðrum gjöldum næsta mánaðar.

Byggt á iðkendalista frá 2. nóvember 2010, að teknu tilliti til greiðslu hvers iðkenda, þá er þetta hlutfall fyrir árið 2010 SK = 57% og SN = 43%.

Þetta hlutfall var samþykkt af öllum fundarmönnum.

3. Auglýsing um áramót og ný hópanöfn og ný stundatafla

Lista alla hópa og hvað er mikið laust, auglýsa nýja hópa með skilyrðingu um þátttöku.

Prófum rafræna skráningu og bjóðum líka að þriðjudaga og fimmtudaga frá 17:30 – 18:30 verði hægt að skrá sundmenn í Vatnaveröld, í 3 vikur frá auglýsingu, sem fari í Víkurfréttir 6. janúar og á heimasíður okkar. Ný hópanöfn fyrir Sundskólahópa verði Gullfiskar, Silungar og Laxar í vaxandi aldursröð.

4. Val á sundmanni ársins

Valið var á milli sundmanna ársins hjá SK og SN. Sundmaður ársins var valin einum rómi Jóna Helena Bjarnadóttir.

5. Jólakort

Jólakort, mynd með texta, voru sett í umslög og merkt.

6. Önnur mál

- Speedo, stefnum að óbreyttum samningi næstu tvö ár. Munum á næsta ári m.a. nýta okkur styrk til kaupa á fatnaði fyrir þjálfara.
- Útbúum nýja undirsíðu á heimasíðum okkar, „Næstu mót“. Þar verði sett inn næstu mót hverju sinni og hólf fyrir þau störf sem við þurfum að manna, í anda þess sem SSÍ gerir fyrir SSÍ mót. Hér erum við einkum að horfa til þess að fá foreldra til að halda utan um yngri sundmenn á mótum. Síðan verður sendur póstur á foreldra og þau beðin að skrá sig til leiks með því að svara póstinum. Skilyrði fyrir því að við förum á mót verði að störf séu mönnuð. Um leið verði fólk hvatt til annarra starfa á mótum, sér í lagi varðandi dómgæslu.
- Stefnt að því að velja formann Foreldraráðs Sundráðs ÍRB í janúar, sem fái m.a. það hlutverk að skipuleggja lið b) hér að ofan.
- Sigurþór ætlar að skoða talningaspjaldamál með Ragnari Erni, forstöðumanni Vatnaveraldar.

Fundarritari,
Guðmundur.